



Bjarni Reykjalin
Skipulags- og byggingarfulltrúi
Kjarna
650 Laugar

Reykjavík 24. febrúar 2015
10150200448 KSJ

Lýsing. Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011 - 2023, í landi Geiteyjarstrandar I, ferðapjónusta.

Tillaga að deiliskipulagi í landi Geiteyjarstrandar I, ferðapjónusta.

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Þingeyjarsveitar og Skútustaðahrepps er barst 9. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011 – 2023 í landi Geiteyjarstrandar I. Í gildandi aðalskipulagi Skútustaðahrepps er svæði fyrir ferðapjónustu áætlað 1,6 ha, en í breytingartillögu er gert ráð fyrir að svæði fyrir ferðapjónustu verði 5 ha.

Staðhættir

Ofangreint skipulagssvæði er í landi Geiteyjarstrandar I. Svæðið er staðsett milli vatns og vegar, er á grónu hrauni og nálægt vatnsbakka Mývatns.

Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011 - 2023, í landi Geiteyjarstrandar I, ferðapjónusta.

Ferðapjónusta

Ferðapjónusta er rekin á jörðinni Geiteyjarströnd I. Þar hafa nú þegar verið byggðir upp gistiskálar og smáhýsi alls 261 m². Í greinargerð með breytingartillögunni kemur fram að áætlað er byggja þrjú íbúðar- og ferðapjónustuhús, auk tólf ferðapjónustuhúsa alls um 1500 m². Í greinargerð kemur einnig fram að við ofangreinda breytingu mun reitur fyrir verslunar- og þjónustusvæði fara lítillaga inn fyrir mörk verndarsvæðis Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu. Einnig kemur fram að engar byggingar eru áætlaðar innan verndarsvæðis en gert er ráð fyrir akfærum göngustígum fyrir innan mörk verndarsvæðis.

Fram kemur að mannvirki sem eru innan verndarsvæðis eru eldri mannvirki s.s. íbúðarhús jarðarinnar.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við að reitur verslunar og þjónustu fari inn fyrir mörk verndarsvæðis á litlu svæði vegna akfærs göngustígs. Umhverfisstofnun bendir á að verði áætlaðir stígar framkvæmdir í samræmi við ofangreint deiliskipulag er ekki þörf á að fá leyfi fyrir gerð akfærs göngustígs frá stofnuninni enda telst samþykki Umhverfisstofnunar á skipulaginu vera leyfisveiting.

Eldhraun

Ofangreind tillaga að breytingu á aðalskipulagi Skútustaðahrepps gerir ráð fyrir ferðaþjónustuhúsum á eldhrauni. Umhverfisstofnun bendir á að skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd njóta eldhraun sérstakrar verndar og skal forðast röskun þeirra ef þess er nokkur kostur. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að við framkvæmdir í eldhrauni verði forðast allt óþarfa rask. Einnig bendir stofnunin á að áætluð ferðaþjónustuhús og smáhýsi á Geiteyjarströnd munu verða sýnileg frá Mývatnsvegi. Að mati stofnunarinnar er því afar mikilvægt að allar framkvæmdir verði aðlagðar að umhverfinu til að forðast neikvæð sjónræn áhrif.

Tillaga að deiliskipulagi í landi Geiteyjarstrandar I, ferðaþjónusta.

Verndarsvæði

Fram kemur í greinargerð að akfærir göngustígar eru áætlaðir innan 200 m marka verndarsvæði Mývatns. Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við að akfær göngustígur verði lagður á litlu svæði innan verndarsvæðisins.

Smáhýsi á hrauni

Samkvæmt tillögu að deiliskipulagi er áætlað að reisa tólf ferðaþjónustuhús á hrauni milli aðkomu að Geiteyjarströnd og Mývatnsvegur. Að mati stofnunarinnar munu gistiskálar ásamt vegum og bílastæðum verða til þess að hrauni verði raskað. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að raski á hrauni verði haldið í algjöru lágmarki.

Fráveita

Fram kemur í greinargerð með deiliskipulagstillögu að fráveita nýbygginga á reit B, C og D fari í skólphreinsistöð og að unnið sé að því að finna hentuga lausn á hreinsun skólps er fer í eldri lausnir. Að mati Umhverfisstofnunar er það til fyrirmyndar og einnig það að staðsetning skólphreinsistöðvar er sýnd á uppdrætti.


Umhverfisáhrif


Umhverfisstofnun tekur undir þær áherslur sem koma fram og eru frá skipulagsnefnd um að byggingar eru áætlaðar lágreistar og að útlit þeirra verði aðlagð sem best að landslagi og umhverfi.

Niðurstaða

Að mati Umhverfisstofnunar hefur tillaga um uppbyggingu ferðaþjónustu í landi Geiteyjarstrandar tekið breytingum í jákvæða átt hvað varðar náttúruvernd og aðlögun framkvæmda að náttúruminjasvæði. Að mati stofnunarinnar er einnig ljóst að áherslur skipulagsnefndar hafa jákvæð áhrif í sömu átt, sem er til fyrirmyndar. Ef akfær göngustígur innan verndarsvæðis verður framkvæmdur í samræmi við uppdrátt er fylgir tillögu að deiliskipulagi ferðaþjónustu í landi Geiteyjarstrandar I, telst Umhverfisstofnun samþykk því með umsögn þessari.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Aðalbjörg B Guttormsdóttir
Teymisstjóri